

Fundargerð 165. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 2. desember 2015
Fundartími: 19:00 – 22:40
Fundarmenn: Árni Eiríksson
Svanhvít Hermannsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Dagskrá:

Árni Eiríksson setti fund og bauð fundargesti velkomna. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samþykkt að bæta fundargerð Atvinnu og umhverfisnefndar frá 18. nóvember 2015 og fundargerð 16. fundar Rekstrarstjórnar félagsheimilanna frá 10. nóvember 2015, undir liðinn „Önnur mál“.

1. Fundargerð Skipulagsnefndar nr. 99, dags. 05.11.2015

a) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 15-17 – 1510004F

Afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 28. október 2015 lagðar fram til kynningar.

2. Fundargerð Skipulagsnefndar nr. 100, dags. 26.11.2015

a) Egilsstaðir 1: Ferðaþjónustusvæði: Deiliskipulag 1504017

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi fyrir jörðina Egilsstaði I í Flóahreppi. Tillagan var auglýst 13. maí 2015 með athugasemdafresti til 25. júní. Engar athugasemdir bárust en fyrir liggja umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Vegagerðarinnar og Minjastofnunar Íslands. Gerðar hafa verið minniháttar lagfæringar á auglýstri deiliskipulagstillögu til að koma til móts við ábendingar umsagnaraðila, s.s. rotþró hefur verið færð, aðkoma að svæði C hefur verið færð auk þess sem bætt hefur verið við ákvæði um að minjavörður þarf að vera viðstaddur framkvæmdir á ákveðnu svæði.

Skipulagsnefnd mælir með að sveitarstjórn samþykki deiliskipulagið með breytingum sem gerðar hafa verið til að koma til móts við fyrirliggjandi umsagnir. Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum deiliskipulag Egilsstaða I með þeim breytingum sem gerðar hafa verið.

b) Langholt 2 lnr. 166249: Deiliskipulag – 1509072

Lögð fram endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi fyrir Langholt 2 í kjölfar afgreiðslu sveitarstjórnar Flóahrepps frá 19. nóvember 2015. Það sem breytist er að hús sem fyrirhugað var að reisa á reit B1 þar sem vélaskemma stóð áður verða reist á reit B2.

Skipulagsnefnd vísar afgreiðslu málsins til sveitarstjórnar.

Samkvæmt breyttum uppdrætti eru útmörk skipulagssvæðisins ekki dregin út fyrir ágreiningssvæðið og því getur sveitarstjórn ekki samþykkt að auglýsa tillöguna til kynningar með vísan til sömu röksemda og komu fram í álitum sveitarstjórnar 19. nóvember 2015.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Bitra 166291: Bitra viðbótarlód: Stofnun lóðar – 1511048

Lögð fram umsókn dags. 2. nóvember 2015 um stofnun 14.915 fm spildu úr landinu Birta land 166291 sem er í eigu ríkisins í tengslum við makaskipti við eigendur jarðarinnar Bitru. (Inr. 166223)

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar og ekki er gerð athugasemd við landskipti skv.13. gr. jarðalaga.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

d) Bitra 166223: Bitra vegsvæði: Stofnun lóðar – 1511049

Lögð fram umsókn um stofnun um 8,3. ha spildu úr landi Bitru 166223 undir vegsvæði. Hluti landsins er þegar í eigu Vegagerðarinnar þó svo að það hafi ekki verið formlega skráð til þessa. Gert er ráð fyrir að þessi spilda verði síðar sameinuð því landi sem eftir verður af Bitra land 166291.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við ofangreinda stofnun lóðar og síðar sameiningu hennar við aðliggjandi spildu. Ekki er gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

e) Álfaströnd 178801: Ásahraun: Breyting á heiti lóðar – 1511063

Lögð fram til kynningar beiðni til Örnefnanefndar um breytingu á nafni býlisins Álfaströnd. Óskað er eftir að það fái í staðinn nafnið Ásahraun.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingu á heiti býlisins.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar og breytingu á nafni býlisins, með 5 atkvæðum .

f) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 15-18 - 1511003F

Afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 11. nóvember 2015 lagðar fram til kynningar.

g) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 15-19 – 1511006F

Afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 24. nóvember 2015 lagðar fram til kynningar.

3. Útvarsprósentu Flóahrepps fyrir árið 2016 bókun

Viðbótarbókun um útvarsprósentu ársins 2016 vegna endurmats á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

Miðað er við að útsvarshlutfall í Flóahreppi fyrir árið 2016 verði hámarksútsvar, þ.e. 14,48 % af útvarsstofni, að viðbætti þeirri hækkun sem kveðið verður á um í lögum um tekjustofna sveitarfélaga á grundvelli fyrirhugaðs samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um endurmat á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Gengið er út frá því að lagabreyting þessa efnis verði afgreidd fyrir lok haustþings.

Sveitarstjórn samþykkir bókunina með 5 atkvæðum.

4. Akstur barna í tómsundur – Þingborg og Selfoss

Lagðar fram niðurstöður úr könnun meðal foreldra barna um fjölda þeirra sem þurfa að komast á Selfoss vegna tómsunda- og íþróttaiðkunar eftir skólatíma í Flóaskóla. Fjöldinn er mismunandi 12 – 18 manns eftir vikudögum. Ljóst er að þetta eru fleiri einstaklingar heldur en þeir sem komist hafa með skólabílum til þessa. Almennt er það skoðun íbúa að sanngjarnt sé að greiða fyrir ferðina. Ræddar voru hugmyndir um að breyta fyrirkomulagi á heimakstri sem gerði skólabílstjórum í Flóaskóla kleyft að sinna bæði akstri í tómsundur á Selfoss og heimakstrinum. Einnig skoðuð sú leið að senda sérstakan bíl eftir börnunum sem færi beina leið á Selfoss alla daga og í Þingborg einu sinni í viku, að skólatíma loknum og sú leið varð ofaná.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að semja við rútuþyrntæki á grundvelli verðfyrirspurnar um akstur í desember og janúar til reynslu. Gert er ráð fyrir að foreldrar skrái barn sitt á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir klukkan 12:00 mánudaginn

7. desember. Stefnt er að því að aksturinn hefjist sem fyrst. Hver ferð kostar 500 kr. Gjaldið fyrir desember verður innheimt í lok desember mánaðar. Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Erindi frá bæjarstjóra Árborgar – samvinna í verkefnum tengdum ferðaþjónustu

Lagt fram erindi frá Ástu Stefánsdóttur framkvæmdastjóra í sveitarfélaginu Árborg þar sem óskað er eftir viðræðum um samstarf í verkefnum tengdum ferðaþjónustu. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið. Lagt er til að fulltrúar Flóahrepps í viðræðuhópi verði sveitarstjóri ásamt tveimur fulltrúum úr Atvinnu- og umhverfisnefnd. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og boða til fyrsta fundar í samráði við Ástu Stefánsdóttur. Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Jafnréttisáætlun Flóahrepps

Lögð fram drög að Jafnréttisáætlun Flóahrepps 2016 – 2019 lagfærð í samræmi við ábendingar lögfræðings Jafnréttisstofu. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að áætlun með 5 atkvæðum.

7. Samningur við Tölvumiðlun vegna launavinnslu

Lögð fram drög að samningi milli Flóahrepps kt. 600606-1310 og Tölvumiðlunar kt. 480285-0509 um tilgreinda kerfishluta H3 launakerfis ásamt þjónustu á keyptum hlutum og innleiðingu hugbúnaðar vegna launavinnslu. Sveitarstjórn samþykkir drögin með 5 atkvæðum og felur sveitarstjóra að undirrita samning á grundvelli þeirra.

8. Erindi vegna Flóaáveitu – aðgengi og merkingar

Lagðir fram minnispointar frá Guðna Ágústssyni þar sem bent er á þau menningarverðmæti sem eru fólgin í Flóaáveitu. Einnig er bent á að bæta þarf aðgengi að „Flóðgáttinni“ við Hvítá og merkingar. Sveitarstjóra falið að vera tengiliður Flóahrepps vegna verkefnisins. Samþykkt með 5 atkvæðum

9. Erindi frá Afréttarmálafélagi Flóa og Skeiða – styrkur til girðingaframkvæmda

Lagt fram erindi frá Afréttarmálafélagi Flóa og Skeiða þar sem óskað er eftir 380 þús kr framlagi á ári til næstu þriggja ára. Framlaginu verður varið til þess að ljúka við 5 km kafla í afréttargirðingu og vinna að endurbótum á timburverki í Reykjaréttum. Sveitarstjórn samþykkir erindið á þeim forsendum að önnur aðildarsveitarfélög styðji við verkefnið með hlutfallslega sama hætti. Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Erindi frá fræðlusnefnd – vegna menntunar starfsmanna á Krakkaborg

Lagt fram erindi frá fræðlusnefnd Flóahrepps þar sem farið er fram á 600 þúsund króna viðbótarframlag á launalið Krakkaborgar vegna viðbótarmenntunar starfsmanna sem ekki hafa lokið leikskólakennaranámi. Sveitarstjórn samþykkir erindið með 5 atkvæðum og felur leikskólastjóra í samráði við sveitarstjóra að nýta upphæðina til þess að stuðla að viðbótarmenntun ófaglærðra starfsmanna í þágu leikskólastarfsins. Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Erindi frá Björgunarfélagi Árborgar vegna húsaleigu í Félagslundi

Lagt fram erindi frá Björgunarfélagi Árborgar þar sem óskað er eftir styrk sem nemur húsaleigu í Félagslundi 18. desember 2015, vegna jólahlaðborðs félagsmanna. Sveitarstjórn samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

12. Erindi frá Æskulýðs- og tómsbundanefnd - Söngvakeppni Samfés

Lagt fram erindi frá Æskulýðs- og tómstundanefnd þar sem óskað er eftir styrk sem nemur húsaleigu í Þingborg 22. janúar 2016 vegna undankeppni söngvakeppni Samfés árið 2016.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

13. Erindi frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps – styrkur vegna ársfundar SSK

Lagt fram erindi frá formanni Kvenfélags Villingaholtshrepps þar sem óskað er eftir styrk sem nemur húsaleigu í félagsheimilinu Þingborg 23. apríl 2016, vegna ársfundar Sambands sunnlenskra kvenna.

Einnig er farið fram á styrk kr. 210 þús. vegna kvöldverðarboðs í tengslum við ársþingið.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 4 atkvæðum styrk sem nemur húsaleigu í Þingborg ásamt 210 þús. kr. framlagi vegna kvöldverðarboðs.

Árni Eiríksson vék af fundi við afgreiðslu erindisins, Margrét Jónsdóttir varaoddviti tók við fundarstjórn undir þessum lið.

14. Erindi frá Snorraverkefninu – beiðni um samstarf/fjárstuðning

Lagt fram erindi frá „Snorraverkefninu“ ósk um fjárstuðning og samstarf vegna skiptinema.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Erindi frá Kvennaathvarfinu – umsókn um rekstrarstyrk

Erindi frá Kvennaathvarfinu þar sem óskað er eftir 150 þús. kr framlagi til rekstrar Kvennaathvarfi. Meðfylgjandi er Fjárhagsáætlun ársins 2016.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum 100 þús. kr. framlag.

16. Gjaldskrár önnur umræða

Lagðar fram til annarrar umræðu gjaldskrár sorphirðu og vatnsveitu.

Sorphirðu-og sorpeyðingargjald

Gjald fyrir seyrulosun leggst bæði á íbúðarhús og sumarhús.

Sorphirðugjald er sbr. samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi

a) 240 lítra tunna	13.483 kr.
b) 660 lítra kar	37.078 kr.
c) 1100 lítra kar	61.752 kr.

Sorpeyðingargjald:

Íbúðir	12.853 kr.
Sumarhús	12.853 kr.
Atvinnurekstur iðnaðarhverfi	28.044 kr.
Atvinnurekstur lögbýli	15.190 kr.
Seyrulosun	8.000 kr.

Gjaldskrá vatnsveitu vegna ársins 2016

Í gildandi gjaldskrá er gert ráð fyrir að gjaldskrá heimæðagjalda taki breytingum samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.

Gerð er tillaga um að vatnsgjald, sem greiðist af öllum fasteignum sveitarfélagsins sem tengst geta vatnsveitum verði 0,2 % af fasteignamati eignar. Lágmarksálagning á íbúðar- og sumarhús verði 15.000 kr og hámarksálagning 30.000 kr. Vatnsgjaldið er innheimt með fasteignaskatti á sömu gjalddögum og fasteignaskattur.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrárnar með 5 atkvæðum.

17. Fjárhagsáætlun Flóahrepps 2016 – 2019 –önnur umræða

Lögð fram fjárhagsáætlun Flóahrepps 2016 – 2019 til annarrar umræðu. Í fjárhagsáætlun ársins 2016 er gert ráð fyrir eftirfarandi: forsendum.

Álagningarprósenta útsvars 14,48% (með fyrirvara í bókun liðar 3 hér á undan sem snýr að ákvörðun um viðbótarhlutfall vegna þjónustu við fatlað fólk)

Fasteignaskattur er lagður á í þremur flokkum sem skiptast í eftirfarandi:

a-flokkur 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn

c-flokkur 1,35% af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Lóðarleiga er 1% af lóðamati.

- Áætlun fyrir A og B hluta fyrir árið 2016 gerir ráð fyrir eftirfarandi í þús. kr.:
 - Heildartekjur: 561.024
 - Rekstrargjöld: 555.478
 - Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) (4.521)
 - Rekstrarniðurstaða fyrir A og B hluta: 1.025
 -
 - Veltufé frá rekstri: 25.996
 - Fjárfesting ársins: 6.094
 - Afborganir langtímalána: 5.243
- Framlögð fjárhagsáætlun samþykkt með 5 atkvæðum.

18. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 163, dags. 04.11.2015

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 164, dags. 19.11.2015

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. nr. 29. dags. 05.11.2015

Liður 1, ráðing starfsmanna, þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar. Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum ráðningu nýs byggingarfulltrúa Rúnars Guðmundssonar. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

e) Stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. nr. 30. dags. 26.11.2015 ásamt niðurstöðum úttektar R3 á embættinu

Sveitarstjórn Flóahrepps lýsir ánægju sinni með þá þjónustu sem sveitarfélagið hefur notið í skipulags og byggingarmálum og þjónustu tæknisviðsins í gegnum samstarf við nágrennasveitarfélögin. Sveitarstjórn lýsir jafnframt áhuga á því að standa áfram að því samstarfi hvort sem til sameiningar tæknisviðs við skipulags og byggingarfulltrúa embættið kemur eða ekki. Tekið er undir álit skýrsluhöfunda um hagræðið sem næðist við sameiningu þessara verkefna auk þess sem embætti skipulags og byggingarfulltrúa yrði öflugra og skilvirkara. Hingað til hefur skipulags og byggingarfulltrúaembættið keypt tækniþjónustu út í verktöku. Álit skýrsluhöfnunda vegna mönnunar embættisins styður það sem áður hefur komið fram um undirmönnun miðað við fjölda verkefna og nauðsyn þess að bæta við starfskrafti. Hugsanlegt er að sameining við tæknisvið gæti leitt til hagræðingar í

starfsmannahaldi. Sveitarstjórn Flóahrepps hvetur stjórn skipulags og byggingarfulltrúaembættisins og sveitarstjórnir aðildarfélaganna til þess að nýta sér ráðgjöfina sem kemur fram í niðurlagi skýrslunnar og byggir á þeirri vinnu sem lögð hefur verið í úttektina með það að markmiði að efla þá faglegu þjónustu sem embættinu er ætlað að veita.

Samþykkt með 5 atkvæðum

f) NOS nr. 8, dags. 13.11.2015

Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar:

Mál nr. 2: Fjárhagsáætlun 2016

Fyrir liggja tillögur að fjárhagsáætlun ársins 2016 fyrir Skóla – og velferðarþjónustu Árneshöfna.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögur.

Mál 4: Kynning á atvinnuátaki í samstarfi við Vinnuáætlun.

Verkefnið felst í að VMST og Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfna geri með sér samkomulag um tilraunaverkefni til eins árs sem ætlað er að virkja atvinnuleitendur sem eru á fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi án atvinnuleysisbótaréttar. Jafnframt munu sveitarfélögin í Árneshöfna koma til með að bjóða allt að 5 starfsþjálfunarpláss. Tillögur um starfsmenn munu koma frá félagsráðgjöfum og tekur hvert sveitarfélag ákvörðun á grundvelli framlagðra tillagna.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að taka þátt í verkefninu.

g) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 87, dags. 20.10.2015

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að óska eftir fundi með kjörnum fulltrúum í fræðslunefnd.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

h) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 88, dags. 17.11.2015

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 244, dags. 09.11.2015

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Stjórnar SASS nr. 499, dags. 28.10.2015

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Aðalfundar SASS, dags. 29. og 30.10.2015

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 830, dags. 11.09.2015

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

19. Efni til kynningar

a) Frá Minjaverði Suðurlands - Vegna Galtastaða

b) Frá Skipulagsnefnd – Álit á stærðarviðmiðum vindmylla.

c) Ytra mat á Skólalþjónustu Árneshöfna – Greinargerð Gerðar Óskarsdóttur til stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna

d) Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga – afgreiðsla framlags vegna nýbúakennslu

e) Innsent erindi – Mótmælt lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Galtastaða

20. Önnur mál

a) Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps nr. dags. 18.11.2015

Í fundargerðinni er lagt til að sveitarfélagið fari í áttak varðandi merkingar við vegamót af þjóðvegi 1 inn á aðrar meginleiðir í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn tekur undir með nefndinni og samþykkir að farið verði í undirbúning þess í vetur að bæta merkingar.

Sveitarstjóri og oddviti stefna að því að óska eftir fundi með Vegagerðinni í næstu viku.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) **Rekstrarstjórnar nr. 16, dags. 10. 11. 2015**

Lögð fram fundargerð Rekstrarstjórnar ásamt gjaldskrá.

Í fundargerðinni er tillaga um að Flóahreppur láti gera könnun á möguleikum þess að stækka salinn í Félagsheimilinu Þingborg. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna með 5 atkvæðum og felur umsjónarmanni fasteigna að skoða málið í samvinnu við Tæknisvið.

Í fundargerðinni er óskað eftir sambærilegu framlagi frá Flóahreppi til þess að halda hátíðina Fjör í Flóa 2016 eins og 2015.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Afgreiðslu á gjaldskrá félagsheimilanna fyrir árið 2016 frestað. Sveitarstjórn óskar eftir fundi með rekstrarstjórn. Sveitarstjóra falið að setja sig í samband við formann Rekstrarstjórnarinnar vegna fundarins.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið 22:40.

Árni Eiríksson

Svanhvít Hermannsdóttir

Margrét Jónsdóttir

Sigurbára Rúnarsdóttir

Elín Höskuldsdóttir

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri